

# **Þjónustusamningur milli velferðarráðuneytisins og Neytendasamtakanna**

Velferðarráðuneytið, kt. 601210-1340, hér eftir nefnt verkkaupi, og Neytendasamtökin, kt. 480269-0559, hér eftir nefnd verksali, gera með sér svohljóðandi þjónustusamning:

## **1. gr.**

### **Tilgangur og markmið.**

Markmið samnings þessa er að sjá leigjendum íbúðarhúsnæðis fyrir nauðsynlegum upplýsingum um réttarstöðu sína og ráðgjöf þegar upp kemur ágreiningur vegna leigusamninga um íbúðarhúsnæði.

## **2. gr.**

### **Starfsemi sem samningurinn tekur til.**

- I. Verksali veitir leigjendum íbúðarhúsnæðis upplýsingar um rétt sinn og skyldur samkvæmt húsaleigulögum nr. 36/1994. Í þessum tilgangi skal verksali byggja upp upplýsingavef fyrir leigjendur íbúðarhúsnæðis á heimasíðu sinni með þeim upplýsingum sem hann telur varða leigjendur miklu að hafa aðgang að. Jafnframt skal verksali veita leigjendum íbúðarhúsnæðis viðtal í síma eða á skrifstofu sinni í þeim tilgangi að veita þeim upplýsingar um lagalega stöðu sína. Þá eiga leigjendur, á grundvelli samnings þessa, rétt á ráðgjöf lögfræðings þegar við á vegna mála er varða leigu íbúðarhúsnæðis.
- II. Þegar upp koma ágreiningsmál sem varða leigu á íbúðarhúsnæði og leigjanda og leigusala tekst ekki að leysa úr sín á milli skal verksali hafa milligöngu í þeim ágreiningsmálum óski leigjandi eftir því. Jafnframt tekur verksali að sér að leiðbeina og aðstoða leigjanda sé þörf á að leggja ágreining fyrir kærunefnd húsamála.
- III. Verksali tekur að sér almenna hagsmunagæslu fyrir leigjendur íbúðarhúsnæðis með þeim hætti sem hann telur þörf á hverju sinni.
- IV. Þjónusta samkvæmt I.–III. lið er leigjendum að kostnaðarlausu.

## **3. gr.**

### **Eftirlit með framkvæmd samningsins.**

- I. Verksali skráir sérstaklega þau erindi sem hann fær til meðferðar á grundvelli samnings þessa. Verksali skal gera ársskýrslu vegna þeirra atriða sem samningurinn tekur til og skal hún birt opinberlega og afhent verkkaupa fyrir 30. apríl 2012.
- II. Verksala ber að veita verkkaupa allar umbeðnar upplýsingar um starfsemi sem fer fram á grundvelli samnings þessa og verða við sanngjörnum óskum um gæði og skipulag þeirrar þjónustu sem veitt er hverju sinni.

- III. Um endurskoðun og heimildir Ríkisendurskoðunar til að gera stjórnsýsluendurskoðun fer eftir ákvæðum laga um Ríkisendurskoðun, nr. 86/1997.
- IV. Um reikningshald og endurskoðun ársreiknings gilda ákvæði laga um ársreikninga, nr. 3/2006, og bókhald, nr. 145/1994.

#### **4. gr.**

##### **Fjármögnun og tilhögun greiðslna.**

- I. Vegna samnings þessa greiðir ríkissjóður framlag að fjárhæð 3.500.000 krónur miðað við heilt ár. Á fylgiskjali með samningi þessum er að finna nánari kostnaðaráætlun vegna verkefna þeirra er samningurinn hljóðar upp á.
- II. Verksala er heimilt að afla sér annarra sértekna enda sé tryggt að það komi ekki niður á framkvæmd samningsins. Sértekjur sem verksali aflar sér á þann hátt skerða ekki framlag samkvæmt samningnum enda séu ákvæði samningsins eftir sem áður efnd af hálfu verksala.
- III. Greiðsla ríkissjóðs skal lögð inn á bankareikning sem verksali tilgreinir og skulu jafnar greiðslur fara fram ársfjórðungslega.
- IV. Verði verulegar breytingar á starfsemi verksala, rekstri hætt eða verkefni þau sem þessi samningur hljóðar upp á reynast mun viðameiri en talið er, skulu framlög verkkaupa endurskoðuð til samræmis eða felld niður eftir því sem við á.

#### **5. gr.**

##### **Ýmis ákvæði.**

- I. Sýni verkkaupi fram á að verksali uppfylli ekki skyldur sínar samkvæmt samningnum getur hann birt verksala skriflega kröfugerð og krafist úrbóta innan tiltekins tímafrests.
- II. Hafi verksali ekki bætt úr annmörkum á framkvæmd samningsins innan tímafrestsins hefur verkkaupi heimild til að fresta frekari greiðslum þar til úrbætur hafa sannanlega átt sér stað. Verksali á ekki rétt á dráttarvöxtum þó greiðslum sé frestað á grundvelli þessa.

#### **6. gr.**


##### **Gildistaka o.fl.**

- I. Samningur þessi tekur gildi 1. maí 2011 og skulu greiðslur taka mið af upphafstíma hans, miðað við heilt ár.
- II. Samningurinn gildir til 30. apríl 2012, en þá skal á grundvelli þeirrar reynslu sem fengist hefur metið hvort gerður verði ótímabundinn samningur um verkefnið.
- III. Samningur þessi er uppsegjanlegur af beggja hálfu með sex mánaða fyrirvara. Komi til uppsagnar skal verkkaupi einungis standa skil á greiðslum samkvæmt samningnum vegna þess tíma sem samningurinn er í gildi en hvorugur aðila öðlast frekari bótarétt á hendur hinum vegna uppsagnarinnar. Uppsögn á grundvelli þessa ákvæðis skal vera skrifleg og send aðila með sannanlegum hætti.

- IV. Telji samningsaðili að forsendur samningsins hafi breyst verulega getur hann farið fram á viðræður um endurskoðun á einstökum ákvæðum samningsins eða samningsins í heild sinni. Jafnframt skulu aðilar á samningstímanum ræða efni og framkvæmd samningsins þegar þess gerist þörf.

Reykjavík, 7. júní 2011

  
f.h. velferðarráðuneytisins

  
f.h. Neytendasamtakanna